

LANDSRÉTTUR

Dómur föstudaginn 8. apríl 2022.

Mál nr. 330/2021:

Menntasjóður námsmanna

(Kristján Þorbergsson lögmaður)

gegn

Kristni D. Grétarssyni

(Vilhjálmur Þ. Á. Vilhjálmsson lögmaður)

Lykilorð

Lánssamningur. Ábyrgð.

Útdráttur

A gaf út skuldabréf til L, nú M, árið 2005 og gekkst K í sjálfskuldarábyrgð á endurgreiðslu lánsins. M gjaldfelli lánið 21. júlí 2020 vegna vanskila A á afborgunum 1. september 2019 og 1. mars 2020 og höfðaði síðan mál á hendur A og K til heimtu skuldar samkvæmt skuldabréfinu. K byggði á því að ábyrgð hans væri fallin niður með vísan til ákvæðis II til bráðabirgða í lögum nr. 60/2020 um Menntasjóð námsmanna sem tóku gildi 26. júní 2020 og áttu að koma til framkvæmda 1. júlí sama ár. Með dómi héraðsdóms var A dæmd til að greiða M stefnuþjárhæðina en K var sýknaður. Í dómi Landsréttar kom fram að þegar 1. mgr. ákvæðis II til bráðabirgða væri skýrt eftir orðanna hljóðan yrði skilyrðið um að lánþegi væri „í skilum“ ekki túlkað öðruvísi en svo að með því væri átt við að lánþegi hefði greitt af láninu í samræmi við skilmála skuldabréfsins. Lagði rétturinn til grundvallar að A hefði ekki verið í skilum við L, nú M, við gildistöku laganna og því hefðu ekki verið uppfyllt skilyrði 1. mgr. ákvæðis II til bráðabirgða til niðurfellingar á ábyrgð K. Voru kröfur M á hendur K teknar til greina.

Dómur Landsréttar

Mál þetta dæma landsréttardómararnir Arnfríður Einarsdóttir, Ásmundur Helgason og Jóhannes Sigurðsson.

Málsmeðferð og dómkröfur aðila

- 1 Áfrýjandi skaut málinu til Landsréttar 20. maí 2021. Áfrýjað er dómi Héraðsdóms Reykjavíkur 19. maí 2021 í málinu nr. E-6843/2020.
- 2 Áfrýjandi krefst þess að stefndi verði dæmdur til að greiða áfrýjanda 7.111.855 krónur ásamt dráttarvöxtum samkvæmt 1. mgr. 6. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu af 84.469 krónum frá 1. september 2019 til 1. mars 2020, af 224.602 krónum frá þeim degi til 21. ágúst 2020 en af 7.111.855 krónum frá þeim degi til

greiðsludags. Þá krefst áfrýjandi málskostnaðar í héraði og fyrir Landsrétti allt að frádregnum 325.000 krónum sem greiddar voru 9. desember 2020.

- 3 Stefndi krefst aðallega sýknu og málskostnaðar í héraði og fyrir Landsrétti en til vara að málskostnaður verði felldur niður eða lækkaður á báðum dómstigum.

Málsatvik og sönnunarfærsla

- 4 Málavextir eru óumdeildir og eru þeir raktir í hinum áfrýjaða dómi. Þá er þar gerð grein fyrir málsástæðum og lagarökum aðila.
- 5 Krafa áfrýjanda á hendur stefnda á rót að rekja til skuldabréfs nr. G-[...] vegna námslána A, upphaflega að fjárhæð 3.379.868 krónur, sem gefið var út 20. september 2005. Stefndi tókst á hendur sjálfsskuldarábyrgð á endurgreiðslu lánsins til tryggingar skilvísri greiðslu á höfuðstól þess ásamt vöxtum, verðbótum, dráttarvöxtum og öllum kostnaði ef vanskil yrðu. Fyrir liggur að ekki voru greiddar afborganir af láninu á gjalddögum þess 1. september 2019 og 1. mars 2020 og voru innheimtubréf send stefnda vegna þessa 14. febrúar 2020 og 13. mars sama ár. Með bréfi 21. júlí 2020 var stefnda tilkynnt að vegna verulegra vanskila hefði lán samkvæmt skuldabréfinu allt verið gjaldfellt í samræmi við skilmála bréfsins.
- 6 Á grundvelli framangreindra vanskila krafðist áfrýjandi þess í héraðsdómsstefnu að lánþega og stefnda, sem ábyrgðarmanni, yrði gert að greiða áfrýjanda óskipt gjaldfelldar eftirstöðvar lánsins að fjárhæð 6.887.253 krónur að viðbættum eftirstöðvum greiðslna á áðurgreindum gjalddögum, sem voru ógreiddar við gjaldfellingu lánsins 21. júlí 2020, annars vegar að fjárhæð 84.469 krónur og hins vegar að fjárhæð 140.133 krónur, eða samtals 7.111.855 krónur. Mál þetta var þingfest í héraði 20. október 2020 en gögn málsins bera með sér að stefndi hafi greitt áfrýjanda 325.000 krónur 9. desember sama ár. Telur stefndi sig með því hafa gert upp vangreiddar afborganir á gjalddögum 1. september 2019 og 1. mars 2020. Af kvittun vegna greiðslunnar er aftur á móti ljóst að henni hafi verið ráðstafað inn á heildarskuldina, það er gjaldfelldar eftirstöðvar lánsins að viðbættum vöxtum og áföllnum og útlögðum kostnaði.
- 7 Enginn ágreiningur er uppi í málinu um útreikning á kröfu áfrýjanda. Á hinn bóginn er sýknukrafa stefnda reist á því að ábyrgð hans sé fallin niður með vísan til ákvæðis II til bráðabirgða í lögum nr. 60/2020 um Menntasjóð námsmanna sem tóku gildi 26. júní 2020 og áttu að koma til framkvæmda 1. júlí sama ár. Í hinum áfrýjaða dómi er gerð nánari grein fyrir málsástæðum stefnda að þessu leyti. Af hálfu áfrýjanda er þessum málsástæðum stefnda hafnað og byggt á því að þar sem lán nr. G-[...] hafi ekki verið í skilum þegar framangreind lög tóku gildi séu skilyrði ákvæðisins fyrir niðurfellingu ábyrgðar stefnda ekki uppfyllt. Svo sem getið er í hinum áfrýjaða dómi lét lánþeginn málið ekki til sín taka í héraði og var það því tekið til dóms á hendur henni á grunni 1. mgr. 96. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála.

- 8 Með héraðsdómi voru kröfur áfrýjanda á hendur lánþega teknar til greina og henni gert að greiða áfrýjanda málskostnað. Aftur á móti var stefndi sýknaður af kröfum áfrýjanda og honum gert að greiða stefnda málskostnað.

Niðurstaða

- 9 Svo sem áður segir tóku lög nr. 60/2020 gildi 26. júní 2020 og leystu þau af hólmi lög nr. 21/1992 um Lánasjóð íslenskra námsmanna. Í greinargerð með upphaflegu frumvarpi til fyrrnefndra laga segir meðal annars að með því sé lagt til að innleitt verði nýtt námsstyrkjakerfi samhliða námslánakerfi. Markmiðið með hinu nýja kerfi sé að tryggja hagsmuni námsmanna á Íslandi betur en gert hafi verið. Þá er því lýst hvernig skuli ná þessu markmiði og meðal annarra úrræða er þar tilgreint að ábyrgðir ábyrgðarmanna námslána sem tekin voru í tíð eldri laga falli niður við gildistöku þessara laga, enda sé lánþegi í skilum við Lánasjóð íslenskra námsmanna og ekki á vanskilaskrá. Enn fremur segir í greinargerðinni að í bráðabirgðaákvæði með frumvarpinu sé lagt til að ábyrgð ábyrgðarmanns á námslánnum sem tekin voru í tíð eldri laga falli niður að uppfylltum ákveðnum skilyrðum verði frumvarpið að lögum. Með því sé komið til móts við kröfur samfélagsins um að hver lánþegi skuli sjálfur vera ábyrgur fyrir endurgreiðslu eigin námslána og samræma þannig námslán sem veitt séu fyrir og eftir 2009. Þá sé tiltekið að ábyrgð falli niður við andlát ábyrgðarmanns, enda sé lánþegi í skilum. Með ákvæðinu sé átt við að ábyrgðir, sem ekki eru fallnar í gjaldþaga, skuli falla niður við andlát ábyrgðarmanns. Þessi regla sé í samræmi við reglu sem lengi hafi gilt um lánþega sjálfan, það er að skuldin falli niður við andlát hans.
- 10 Í lagafrumvarpinu eru framangreindar reglur settar fram í ákvæði II til bráðabirgða. Fyrir liggur að við meðferð málsins á Alþingi var fallið frá síðara skilyrði upphaflega frumvarpsins fyrir niðurfellingu ábyrgðar ábyrgðarmanna um að lánþegi væri ekki á vanskilaskrá. Aftur á móti náðist ekki samstaða í þinginu um að fella burt fyrra skilyrðið um að lánþegi væri í skilum við lánasjóðinn við gildistöku laganna, þrátt fyrir allnokkrar umræður og tillögu í þá veru. Mælir 1. mgr. bráðabirgðaákvæðis II í lögum nr. 60/2020 því fyrir um að „[á]byrgð ábyrgðarmanns á námslánnum teknum í tíð eldri laga [skuli] falla niður við gildistöku laga þessara, enda sé lánþegi í skilum við Lánasjóð íslenskra námsmanna.“ Þá segir að hið sama gildi um ábyrgðir á námslánnum sem eru í óskiptum dánarbúum og ábyrgðaryfirlýsingar fjármálafyrirtækja. Samkvæmt 2. mgr. bráðabirgðaákvæðisins fellur ábyrgð ábyrgðarmanns á námslánnum teknum í tíð eldri laga niður við andlát hans, enda sé lánþegi í skilum við lánasjóðinn.
- 11 Í athugasemdum við einstakar greinar frumvarps til laga nr. 60/2020 segir í umfjöllun um 1. mgr. ákvæðis II til bráðabirgða að þar sé nánar útfærð sú framkvæmd að hver lánþegi sé sjálfur ábyrgur fyrir endurgreiðslum á eigin námslánnum, að uppfylltum skilyrðum sjóðsstjórnar. Miðað sé við að lánþegi sé í skilum við Lánasjóðinn á því námsláni sem ábyrgðarmaðurinn er í ábyrgð fyrir við gildistöku laganna. Hafi ábyrgð

fallið á ábyrgðarmann falli hún ekki niður samkvæmt þessu ákvæði. Um ákvæði 2. mgr. bráðabirgðaákvæðisins er með sama hætti og í umfjöllun um 1. mgr. vísað til meginreglu laganna um að hver lánþegi skuli vera ábyrgur fyrir sínum lánum og því falli ábyrgðin niður ef lánþegi er í skilum við sjóðinn á dánardegi ábyrgðarmanns. Síðan segir að með ákvæðinu sé átt við að ábyrgðir ábyrgðarmanna, sem ekki eru fallnar í gjalddaga, skuli falla niður við andlát ábyrgðarmanns. Loks er þar vísað til þess að reglan sé í samræmi við reglu sem lengi hafi gilt um lánþegann sjálfan, það er að skuld hans falli niður við andlát en „erfist ekki“.

- 12 Af hálfu stefnda er byggt á því að ákvæði 1. og 2. mgr. ákvæðis II til bráðabirgða mæli fyrir um sama skilyrðið fyrir því að ábyrgð ábyrgðarmanns á námslánum teknum í tíð eldri laga falli niður við andlát hans, það er að lánþegi sé í skilum við lánasjóðinn. Við úrlausn málsins beri því að líta til athugasemda með bráðabirgðaákvæði II í heild sinni við túlkun á ákvæði 1. mgr. ákvæðisins. Í athugasemdum með 2. mgr. komi skýrlega fram að með ákvæðinu sé átt við að ábyrgðir ábyrgðarmanna sem ekki eru fallnar í gjalddaga við gildistöku laganna skuli falla niður.
- 13 Í þessu samhengi vísar stefndi jafnframt til athugasemda með ákvæði 11. gr. laga nr. 60/2020 en þar sé að finna sama skilyrði og í bráðabirgðaákvæði II fyrir því að ábyrgð ábyrgðarmanns falli niður við andlát hans þegar um er að ræða lán sem veitt er eftir gildistöku laga nr. 60/2020, það er að lánþegi sé í skilum við Menntasjóðinn. Í athugasemdunum komi fram að sé lánþegi ekki í skilum við andlát ábyrgðarmanns „erfist ábyrgð“ á þeim hluta námsláns sem sé gjaldfallinn við andlátið. Þá vísar stefndi til þess að í athugasemdum með ákvæði 2. mgr. 16. gr. laganna, sem mælir fyrir um að endurgreiðslur sem falli í gjalddaga eftir að lánþegi andist skuli falla sjálfkrafa niður, sé það skýrt á þann veg að gert sé ráð fyrir að námslán sem séu í skilum falli niður við andlát lánþega en að sá hluti þess sem sé gjaldfallinn við andlátið falli á dánarbú hans. Að mati stefnda fái ekki staðist að túlka sömu skilyrði framangreindra ákvæða sömu laga á ólíka vegu, enda séu ákvæðin í samræmi við þann tilgang lagabreytingarinnar að hver lánþegi sé sjálfur ábyrgur fyrir endurgreiðslu námslána sinna. Telur stefndi að af ákvæðunum megi ráða að hafi krafa ekki verið gjaldfelld áður en lög nr. 60/2020 tóku gildi geti ábyrgðin ekki fallið á ábyrgðarmann og hann sé því laus undan þeirri skuldbindingu. Þar sem námslán það, sem stefndi hafi gengist í ábyrgð fyrir, hafi ekki verið gjaldfellt fyrir en eftir að lögin tóku gildi verði að líta svo á að það hafi verið í skilum í skilningi ákvæðis II til bráðabirgða og því sé ábyrgð hans fallin niður.
- 14 Af hálfu áfrýjanda er þessum rökum stefnda hafnað og vísað til þess að 1. mgr. ákvæðis II til bráðabirgða sé skýr um að það sé skilyrði fyrir niðurfellingu ábyrgðar ábyrgðarmanns að það námslán, sem hann er í ábyrgð fyrir, hafi verið í skilum við gildistöku laga nr. 60/2020. Svo sé ekki og því sé áfrýjanda rétt að krefja stefnda um greiðslu skuldarinnar í samræmi við kröfugerð hans. Telur áfrýjandi að stefndi hafi í málalátbúnaði sínum ranglega heimfært óskylda reglu, svonefnda „dánarreglu“, í 2.

mgr. bráðabirgðaákvæðisins yfir á ábyrgðarmenn. Með því ákvæði hafi löggjafinn verið að lögfesta reglu um hvernig færi um ábyrgð ábyrgðarmanna námslána við andlát þeirra en slík regla hefði lengi verið í gildi um aðalskuldara slíkra lána.

- 15 Svo sem rakið er í hinum áfrýjaða dómi felur ákvæði II til bráðabirgða í sér annars vegar reglu um afdrif eldri ábyrgða ábyrgðarmanna námslána við gildistöku laga nr. 60/2020, sbr. 1. mgr. þess, en hins vegar svonefnda „dánarreglu“ sem mælir fyrir um afdrif láns, sem tekið er í tíð eldri laga, við andlát ábyrgðarmanns, sbr. 2. mgr. Um tvíþætta reglu er að ræða og er ljóst að atvik máls þessa lúta einungis að þeirri aðstöðu sem 1. mgr. ákvæðisins tekur til. Kemur efni 2. mgr. því ekki til frekari skoðunar við úrlausn máls þessa.
- 16 Framsetning umfjöllunar um ákvæði II til bráðabirgða í almennum athugasemdum um niðurfellingu ábyrgðar ábyrgðarmanna á námslánnum við gildistöku laga nr. 60/2020 eru ekki að öllu leyti skýr. Af þeim og sérstökum athugasemdum greinargerðarinnar um bráðabirgðaákvæðið, sem raktar hafa verið í málsgrein 11 hér að framan, er þó skilmerkilega mælt fyrir um það, að ábyrgðir ábyrgðarmanna falla einungis niður við framangreint tímamark í þeim tilvikum þegar lánþegi er í skilum, það er þegar afborganir af viðkomandi námsláni hafa ekki fallið í gjalddaga. Um þetta er 1. mgr. ákvæðis II til bráðabirgða einnig skýrt. Þegar ákvæðið er skýrt eftir orðanna hljóðan verður skilyrðið um að lánþegi sé „í skilum“ ekki túlkað öðruvísi en svo að með því sé átt við að lánþegi hafi greitt af láninu í samræmi við skilmála skuldabréfsins. Í þessu ljósi þykja röksemdir stefnda, sem reistar eru á tilvísunum hans til ákvæða 11. og 16. gr. laga nr. 60/2020, ekki koma að haldi hér.
- 17 Svo sem heiti ákvæðis II til bráðabirgða ber með sér felur það í sér reglu sem ljóst er að ekki verður beitt til framtíðar. Verður því ekki fallist á að beiting hennar fari gegn þeim meginmarkmiðum laga nr. 60/2020 að tryggja hagsmuni námsmanna á Íslandi betur en áður var gert og koma því fyrirkomulagi á að hver lánþegi skuli sjálfur vera ábyrgur fyrir endurgreiðslu eigin námslána og samræma þannig námslán sem veitt séu fyrir og eftir 2009.
- 18 Svo sem áður er rakið greiddi lánþegi ekki tvær afborganir af skuldabréfi nr. G-[...] sem voru gjaldfallnar áður en lög nr. 60/2020 tóku gildi. Að þessu gættu og með vísan til alls framangreinds verður lagt til grundvallar við úrlausn málsins að lánþegi hafi ekki verið í skilum við Lánasjóð íslenskra námsmanna við gildistöku laganna og því hafi ekki verið uppfyllt skilyrði 1. mgr. ákvæðis II til bráðabirgða til niðurfellingar á ábyrgð stefnda. Fyrir liggur að öll skuld samkvæmt skuldabréfinu var gjaldfelld 21. júlí 2020 í samræmi við heimild í bréfinu. Eins og áður er getið er enginn ágreiningur um tölulegan útreikning á kröfu áfrýjanda og verður hún því tekin til greina á þann hátt sem fram kemur í dómsorði.
- 19 Eftir atvikum og með heimild í 3. mgr. 130. gr. laga nr. 91/1991 þykir rétt að láta hvorn aðila bera sinn kostnað af málinu bæði í héraði og fyrir Landsrétti.

Dómsorð:

Stefndi, Kristinn D. Grétarsson, greiði áfrýjanda, Menntasjóði námsmanna, 7.111.855 krónur ásamt dráttarvöxtum samkvæmt 1. mgr. 6. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu af 84.469 krónum frá 1. september 2019 til 1. mars 2020, af 224.602 krónum frá þeim degi til 21. ágúst 2020 en af 7.111.855 krónum frá þeim degi til greiðsludags, allt að frádregnum 325.000 krónum sem greiddar voru 9. desember 2020.

Málskostnaður í héraði og fyrir Landsrétti fellur niður.

Dómur Héraðsdóms Reykjavíkur 19. maí 2021

Mál þetta, sem dómtekið var að lokinni aðalmeðferð þess, þann 21. apríl sl., var höfðað með stefnu, birtri þann 17. og 30. september 2020, af stefnanda, Menntasjóði námsmanna, Borgartúni 21, Reykjavík, gegn stefndu, A, [...], Garðabæ og Kristni D. Grétarssyni, Garðavegi 1, Reykjanesbæ.

Stefnandi gerir í málinu þær dómkröfur að stefndu verði dæmd til þess að greiða stefnanda óskipt (*in solidum*) 7.111.855 krónur, ásamt dráttarvöxtum samkvæmt 1. mgr. 6. gr. laga nr. 38/2001, af 84.469 krónum frá 1. september 2019 til 1. mars 2020, en af 224.602 krónum frá þeim degi til 21. ágúst 2020, en af 7.111.855 krónum frá þeim degi til greiðsludags.

Þá krefst stefnandi málskostnaðar af stefndu, þ.m.t. útlagðs kostnaðar og þóknunar, sbr. b-lið 4. gr. auglýsingar dómstólaráðs nr. 2/2017, allt m.t.t. til virðis- aukaskatts, en þó að frádreginni innborgun, 325.000 krónum, þann 9. desember 2020.

Stefndi, Kristinn D. Grétarsson, krefst sýknu af dómkröfum stefnanda.

Þá krefst sá stefndi málskostnaðar af stefnanda að teknu tilliti til virðisaukaskatts.

Stefnda, A, hefur ekki látið málið til sín taka og verður málið því tekið til dóms á grunni 1. mgr. 96. gr. laga nr. 91/1991, hvað kröfur á hana varðar.

Ágreiningsefni og málsatvik

Kröfur stefnanda eru til komnar vegna námslána stefndu A sem hún tók hjá stefnanda. Til skuldarinnar var stofnað með útgáfu skuldabréfs nr. G-[...], þann 20. september 2005, upphaflega að fjárhæð 3.379.868 krónur. Umrædd lán stefnanda eru verðtryggð og verðtryggingin miðuð við breytingar á vísitölu neysluverðs, sbr. 1. mgr. 7. gr. laga nr. 21/1992. Grunnvísitala skuldabréfsins er 243,2 stig sem er vísitala neysluverðs í september 2005. Lánið ber breytilega vexti sem aldrei verða þó hærri en 3% ársvextir af höfuðstól skuldarinnar, og eru nú 1%, sbr. 8. gr. reglugerðar nr. 478/2011. Vextir reiknast frá námslokum, sbr. 5. mgr. 7. gr. laga nr. 21/1992.

Með áritun á skuldabréfið tókst stefndi Kristinn á hendur sjálfskuldarábyrgð á endurgreiðslu lánsins til tryggingar skilvísri greiðslu á höfuðstól fyrir allt að fjárhæð 3.379.868 krónur, ásamt með vöxtum verðbótum, dráttarvöxtum og öllum kostnaði ef vanskil verða á láninu. Höfuðstóll ábyrgðarfjárhæðar stefnda breytist í samræmi við breytingar á vísitölu neysluverðs með framangreindri grunnvísitölu sem er 243,2 stig.

Stefnandi vísar til þess að samkvæmt 4. mgr. 7. gr. laga nr. 21/1992 þá skilgreinir stjórn stefnanda hvað telja beri námslok lánþega samkvæmt lögnum og úrskurðar um vafatilfelli. Námslok eru skráð hjá stefndu A, 22. júní 1996, en samkvæmt úthlutunarreglum stefnanda, sem giltu á þessum tíma, eru námslok þegar námsmaður hættir að þiggja lán, nema sýnt sé fram á áframhaldandi lánshæft nám. Við námslok var fjárhæð námslána stefndu A færð yfir á skuldabréf R-[...] og R-[...], sbr. 15. gr. þágildandi reglugerðar nr. 210/1993. A óskaði eftir skuldbreytingu á þeim lánnum í samræmi við ákvæði til

bráðabrigða í lögum nr. 140/2004 sem breyttu lögum nr. 21/1992. Gaf A þá út skuldabréf nr. G-[...] sem mál þetta snýst um.

Skuldabréf nr. G-[...] hefur samkvæmt stefnanda verið í vanskilum síðan 1. september 2019 og var skuldin öll felld í gjalddaga 21. júlí 2020. Sækir stefnandi mál þetta á hendur stefndu A sem aðalskuldara og stefnda Kristni sem ábyrgðarmanni.

Stefndi Kristinn deilir ekki á framangreinda málsatvikalýsingu af hálfu stefnanda en telur að ábyrgð hans á þessu láni stefndu A sé fallin niður, sbr. málsástæður.

Málsástæður og lagarök stefnanda

Til skuldarinnar hafi verið stofnað með útgáfu skuldabréfs nr. G-[...], dags. 20. september 2005, upphaflega að fjárhæð 3.379.868 krónur. Lánið sé verðtryggt og miðað við vísitölu neysliverðs, sbr. 1. mgr. 7. gr. laga nr. 21/1992. Grunnvísitalan sé 243,2 stig, sem sé vísitala neysliverðs í september 2005. Lánið beri breytilega vexti sem aldrei verði þó hærri en 3% ársvextir af höfuðstól, nú 1%, sbr. 8. gr. reglugerðar nr. 478/2011. Vextir reiknist frá námslokum, sbr. 5. mgr. 7. gr. laga nr. 21/1992.

Með áritun á skuldabréfið hafi stefndi Kristinn tekist á hendur sjálfskuldarábyrgð á endurgreiðslu láns stefndu A til tryggingar skilvísri greiðslu á höfuðstól fyrir allt að fjárhæð 3.379.868 krónur, ásamt vöxtum, verðbótum, dráttarvöxtum og öllum kostnaði, ef vanskil verða á greiðslum. Höfuðstóll ábyrgðarfjárhæðar stefndu breytist í samræmi við breytingar á vísitölu neysliverðs með grunnvísitölunni 243,2 stig.

Samkvæmt 4. mgr. 7. gr. laga nr. 21/1992 skilgreini stjórn stefnanda hvað telja beri námslok samkvæmt lögnum og úrskurði um vafatilfelli. Námslok séu skráð hjá stefndu A, 22. júní 1996, en samkvæmt úthlutunarreglum sem gilt hafi á þessum tíma teljist námslok þegar námsmaður hættir að þiggja lán, nema sýnt sé fram á áframhaldandi lánshæft nám. Við námslok hafi fjárhæð námslána A verið færð yfir á skuldabréf nr. R-[...] og R-[...], sbr. 15. gr. þágildandi reglugerðar nr. 210/1993. Stefnda A hafi óskað eftir skuldbreytingu á lánum nr. R-[...] og R-[...] í samræmi við ákvæði til bráðabrigða í lögum nr. 140/2004 sem breytt hafi lögum nr. 21/1992. Hafi hún þá gefið út skuldabréf nr. G-[...] er málið snúist um.

Samkvæmt 18. gr. laga nr. 21/1992 þá beri skuldara námsláns að greiða fyrst lán samkvæmt lögum nr. 72/1982, svokölluð S-lán, og frestist greiðslur G-lána þar til S-lán sé að fullu greitt. Skuldabréf nr. G-[...] hafi verið í vanskilum frá 1. september 2019 og vegna verulegra vanskila hafi skuldin öll verið felld í gjalddaga 21. júlí 2020.

Nánari sundurliðun kröfunnar sé sem hér segir:

Gjalddagi	Upphæð	
Eftirstöðvar gjalddaga	01.09.2019	- 84.469,00
	01.03.2020	- 140.133,00
Gjaldfelldar eftirstöðvar	21.07.2020	- 6.887.253,00

Eða alls 7.111.855 krónur sem sé stefnufjárhæð þessa máls.

Stefnda A hafi með undirritun sinni á skuldabréf vegna námsláns nr. G-[...], skuldbundið sig til þess að endurgreiða námslánið í samræmi við lög nr. 21/1992 og í samræmi við skilmála skuldabréfsins. Stefndi Kristinn hafi með áritun sinni á skuldabréfið samþykkt að bera sjálfskuldarábyrgð á láninu og þar með lofað stefnanda skilyrðislausri greiðslu skuldarinnar verði vanskil af hálfu aðalskuldarans.

Skuld þessi hafi ekki fengist greidd þrátt fyrir innheimtutilraunir og sé stefnanda nauðsyn að fá dóm fyrir kröfu sinni. En með lögum nr. 60/2020 þá hafi nafni stefnanda verið breytt úr Lánasjóði íslenskra námsmanna (LÍN) og í Menntasjóð námsmanna.

Vísað sé til meginreglu kröfu- og samningaréttar um efnidir fjárskuldbindinga og meginreglu kröfuréttar um skuldbindingargildi ábyrgðaryfirlýsingar. Þá vísist til laga nr. 21/1992 um LÍN, reglugerðar nr. 210/1993 og reglugerðar nr. 478/2011, úthlutunarreglna stefnanda er í gildi séu á hverjum tíma, laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu og laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála.

Krafa um málskostnað styðjist við 1. mgr. 130. gr. laga 91/1991. Um varnarþing vísist til ákvæða bréfsins og 3. mgr. 42. gr. laga nr. 91/1991. Krafa um virðisaukaskatt styðjist við 1. nr. 50/1988.

Málsástæður og lagarök stefnda

Sem greinir í stefnu þá hafi stefndi, Kristinn, þann 20. september 2005, ritað undir sem ábyrgðarmaður á skuldabréfi vegna námsláns A, kt. [...], samkvæmt láni nr. G- [...], að höfuðstól 3.379.868 krónur. Hins vegar sé ekki greint frá því í stefnu að sama dag hafi Kristinn einnig ritað undir sem ábyrgðarmaður á námsláni A nr. G- [...] sem hafi verið að höfuðstólsfjárhæð 4.563.781 króna.

Af fyrirliggjandi greiðslufirliti, dags. 21. júlí 2020, virðist sem lántakinn hafi jafnframt verið með annað námslán, svokallað „S-lán“, sem af gögnum málsins virðist hafa verið greitt upp þann 1. september 2017, en þó sé þess hvergi getið í stefnu.

Þar sem skorti umfjöllun um þessi lán í stefnu, þ. á m. lán nr. G- [...], þá sé heldur ekki upplýst um að stefnandi hafi sent stefnda Kristni bréf, dags. 25. september 2020, þar sem greinir að með lögum nr. 60/2020 hafi „allar ábyrgðir ábyrgðarmanna á námslánum teknum í tíð eldri laga verið felldar niður að því gefnu að lán hafi verið í skilum við sjóðinn á gildistökudegi lánanna,“ og honum þá verið tilkynnt að á grundvelli ákvæðis II til bráðabirgða hafi ábyrgð Kristins á láninu verið felld niður.

Stefndi Kristinn hafi því annars vegar fengið bréf frá stefnanda þar sem honum hafi verið tilkynnt um niðurfellingu ábyrgðar og hins vegar, á sama tíma, fengið stefnu þar sem hann hafi verið krafinn um greiðslu allra eftirstöðva annars láns sama lántaka.

Af stefnu megi þó ráða að gjalddagi þann 1. september 2019, að fjárhæð 84.469 krónur, og gjalddagi þann 1. mars 2020, að fjárhæð 140.133 krónur, hafi ekki verið greiddir. Hins vegar sé ekki mikið fyrir því að fara í stefnu hvernig tilkynningum til stefnda Kristins hafi verið háttað, vegna þessara vanskila aðalskuldara, stefndu A.

Af samskiptum við stefnanda megi ráða að greiðsluseðlar birtist í heimabanka en að fólk geti sérstaklega óskað eftir því að fá greiðsluseðla senda heim á pappír. Ekki sé hið sama að senda formlega og sannanlega tilkynningu og að senda greiðsluseðil í heimabanka, enda sé í síðarnefnda tilvikinu ekki tryggt að skilaboðin berist. Þá geri 7. gr. laga nr. 32/2009 það að skilyrði að lánveitandi skuli senda ábyrgðarmanni skriflega tilkynningu um vanefndir lántaka og að ábyrgðarmaður eigi að vera skaðlaus af vanrækslu lánveitanda á þeirri tilkynningarskyldu. Þá sé af samskiptum við sjóðinn að dæma að ekki hafi verið send út innheimtuviðvörðun vegna gjalddagans 1. mars 2020 „þar sem eldri gjalddagar voru komnir í löginnheimtu“.

Vegna skorts á upplýsingum í stefnu um námsframvindu stefndu A og um önnur lán hennar og afborganir eigi stefnandi erfitt með að taka til fullra varna. Þannig geti verið að krafa á hendur honum sé fyrnd til samræmis við þá dóma sem fallið hafi gagnvart LÍN með hliðsjón af lögum nr. 14/1905 og þá síðar lögum nr. 150/2007. Sé því byggt á fyrningu af hálfu stefnda Kristins, sem eftir atvikum muni skýrast betur undir meðferð málsins að teknu tilliti til þeirra gagna sem kunnir að koma fyrir dóminn. En aðallega sé þó byggt á því að ábyrgðin sé niður fallin sem gerð verður grein fyrir.

Með lögum nr. 32/2009, og síðan enn frekar með dómi Hæstaréttar Íslands í máli nr. 190/2017, þá hafi réttarstaðan orðið sú að ábyrgðir á námslánum sem tekin hafi verið eftir gildistöku ábyrgðarmannalaganna, þann 1. apríl 2009, væru ógildar.

Hafi sú niðurstaða leitt til opinberrar umræðu sem snúið hafi að jafnræði lántaka og ábyrgðarmanna. Hafi þá m.a. komið fram þingsályktunartillaga þar sem lagt hafi verið til að fella menntamálaráðherra að fella niður ábyrgðir á námslánum sem veitt hafi verið fyrir 31. júlí 2009. Fram hafi komið frumvarp að lögum um Menntasjóð þar sem gert hafi verið ráð fyrir niðurfellingu ábyrgða. Enn fremur hafi ríkisstjórnin birt stefnuyfirlýsingu þar sem sú afstaða komi fram með enn skýrari hætti og hafi leitt til breytinga á umræddu frumvarpi, ábyrgðarmönnum til enn frekari hagsbóta.

Stefndi Kristinn krefjist sýknu af dómkröfum stefnanda og sé sýknukrafa hans aðallega byggð á því að ábyrgð sú sem stefnandi byggir hér á sé þegar niður fallin.

Samkvæmt lögum nr. 60/2020 um Menntasjóð námsmanna, er tóku gildi þann 21. júní 2020, hafi verið mælt fyrir um niðurfellingu ábyrgða ábyrgðarmanns, nánar tiltekið í ákvæði II til bráðabirgða, sem hljóði svo;

„Ábyrgð ábyrgðarmanns á námslánum teknum í tíð eldri laga skal falla niður við gildistöku laga þessara, enda sé lánþegi í skilum við [LÍN]. Sama gildir um ábyrgðir á námslánum sem eru í óskiptum dánarbúum og ábyrgðaryfirlýsingar fjármálafyrirtækja.

Ábyrgð ábyrgðarmanns á námslánum teknum í tíð eldri laga fellur niður við andlát hans enda sé lánþegi í skilum við [LÍN].

Lánþegi þarf í tilvikum 1. og 2. mgr. ekki að fá annan ábyrgðarmann nema lánþegi teljist ekki tryggur samkvæmt úthlutunarreglum.“

Í 1. mgr. II. gr. til bráðabirgða sé sett sú meginregla að „ábyrgð ábyrgðarmanns á námslánum“ er áður hafi verið tekin skuli falla niður við gildistöku laganna, enda sé „lánþegi í skilum“ við LÍN. Svo virðist sem stefnandi misskilji hvernig túlka beri lögin, sem séu skýr um að stefndi beri ekki ábyrgð á ógjaldföllnum ábyrgðarskuld- bindingum. Kröfuábyrgð sé loforð til tryggingar á efndum aðalkröfu og því geti greiðsluskylda ábyrgðarmanns fyrst orðið virk þegar aðalskuldari hafi vanefnt skuldbindingu sína. Sé lánþegi ekki í skilum með hluta lánsins þá hafi ábyrgðar- skuldbindingin virkjust varðandi aðeins þann hluta þess er sé í vanskilum og stefnandi eigi þá beina og virka fjárkröfu á hendur ábyrgðarmanni, sem sé þá ekki lengur ábyrgð heldur virk krafa um greiðslu. Þá feli skuldabréfið í sér að „endurgreiðslur séu aðfararhæfar“ en það eigi við um „gjaldfallna fjárhæð“. Fráleitt væri að vanskil á einum eða tveimur gjalddögum ættu að leiða til þess að meginreglan um að ábyrgð falli niður eigi ekki við um allt lánið þó svo að aðeins örsmár hluti þess sé í vanskilum.

Stefndi Kristinn beri því ekki ábyrgð á þeim hluta sem ógjaldfallinn hafi verið við gildistöku laga nr. 60/2020. Framangreint ákvæði hafi átt sér breytingasögu í meðförum ríkisstjórnar og Alþingis en þann 1. nóvember 2019 hafi verið lagt fram frumvarp menntamálaráðherra er síðar hafi orðið að umræddum lögum 21. júní 2020. Er frumvarpið hafi fyrst komið fyrir þingið hafi ákvæði II til bráðabirgða hljóðað svo:

„Ábyrgð ábyrgðarmanns á námslánum teknum í tíð eldri laga skal falla niður við gildistöku laga þessara, enda sé lánþegi í skilum við [LÍN] og ekki á vanskilaskrá. Sama gildir um ábyrgðir á námslánum sem eru í óskiptum dánarbúum.

Ábyrgð ábyrgðarmanns á námslánum teknum í tíð eldri laga fellur niður við andlát hans enda sé lánþegi í skilum við [LÍN].

Lánþegi þarf í tilvikum 1. og 2. mgr. ekki að fá annan ábyrgðarmann nema lánþegi teljist ekki tryggur samkvæmt úthlutunarreglum.“

Þegar frumvarpið hafi komið fram hafi 1. og 2. mgr. ákvæðis II til bráðabirgða verið háð sama skilyrði til þess að ábyrgð félli niður, þ.e. að lánþegi væri í skilum, að því frátöldu að viðbótarskilyrði hafi verið í 1. mgr. sem lotið hafi að því að lánþegi væri ekki á vanskilaskrá. Hafi þetta ekki verið skýrt í greinargerð með frumvarpinu, þ.e. hvers vegna þetta skilyrði ætti að gilda varðandi veru lánþega á vanskilaskrá, og komið spánskt fyrir sjónir. Sé ekki þó nauðsynlegt að reyna að ráða í það orðalag neitt frekar þar sem skilyrðið hafi verið fjarlægt í meðförum þingsins, þannig að 1. og 2. mgr. séu með nákvæmlega sama skilyrði til þess að ábyrgð falli niður, þ.e. að ábyrgðin falli niður, sé lánþegi í skilum. Í lögskýringargögnum hafi skilmerkilega verið gerð grein fyrir þessu sameiginlega skilyrði, um að lánþegi væri í skilum við LÍN, þar sem glögglega megi sjá hver vilji og markmið löggjafans hafi verið með setningu ákvæðisins, og þá um túlkun þess, en í greinargerð með frumvarpi til laganna segi:

„Í bráðabirgðaákvæði með frumvarpi þessu er lagt til að ábyrgð ábyrgðarmanns á námslánum sem tekin voru í tíð eldri laga falli niður að uppfylltum ákveðnum skilyrðum ef frumvarpið verður að lögum. Með því er komið til móts við kröfur samfélagsins um að hver lánþegi skuli sjálfur vera ábyrgur fyrir endurgreiðslu eigin námslána og samræma þannig námslán sem veitt eru fyrir og eftir 2009. Þá er tiltekið að ábyrgðir ábyrgðarmanns falli niður við andlát hans enda sé lánþegi í skilum. Með ákvæðinu er átt við að ábyrgðir ábyrgðarmanna sem ekki eru fallnar í gjalddaga skuli falla niður við andlát ábyrgðarmanns. Þessi regla er í samræmi við reglu sem lengi hefur gilt um lánþegann sjálfan, þ.e. að

skuldin falli niður við andlát en erfist ekki. Þegar svo stendur á þarf lánþegi ekki að fá annan ábyrgðarmann enda er ekki lengur gerð krafa um ábyrgðarmenn námslána nema í undantekningartilfellum.“

Í 5. mgr. 11. gr. sé mælt fyrir um aðstöðu við andlát ábyrgðarmanns, en þar segir:

„Ábyrgð ábyrgðarmanns fellur niður við andlát hans enda sé lánþegi í skilum við Menntasjóðinn.“

Í athugasemd við 11. gr. laganna komi síðan fram eftirfarandi:

„Lög um ábyrgðarmenn, nr. 32/2009, gilda áfram um ábyrgðarmenn námslána. Til viðbótar má finna nýmæli um að ábyrgð ábyrgðarmanns á námslánnum falli niður við andlát hans enda sé lánþegi í skilum við Menntasjóðinn. Miðað er við að lánþegi sé í skilum við Menntasjóðinn á því námsláni sem ábyrgðarmaðurinn er í ábyrgð fyrir við dánardag ábyrgðarmanns. Sé lánþegi ekki í skilum við andlát ábyrgðarmanns erfist ábyrgð á þeim hluta námsláns sem er gjaldfallinn við andlátið.“

Í athugasemdum við 2. mgr. 16. gr. segir:

„Með 2. mgr. er áfram gert ráð fyrir að námslán sem eru í skilum falli niður við andlát lánþega en sá hluti námsláns sem er gjaldfallinn við andlát lánþega falli á dánarbú hans.“

Í athugasemd í greinargerð við ákvæði II til bráðabirgða segir:

„Í ákvæðinu er útfærð nánar sú framkvæmd að hver lánþegi sé sjálfur ábyrgur fyrir endurgreiðslum á eigin námslánnum, að uppfylltum skilyrðum sjóðstjórnar. Ábyrgð ábyrgðarmanns á námslánnum, teknum í tíð eldri laga, fellur niður við gildistöku frumvarps þessa enda sé lánþegi í skilum við [LÍN] og ekki á vanskilaskrá. Miðað er við að lánþegi sé í skilum við Lánasjóðinn á því námsláni sem ábyrgðarmaðurinn er í ábyrgð fyrir við gildistöku laganna. Hafi ábyrgð fallið á ábyrgðarmann fellur ábyrgð hans ekki niður samkvæmt þessu ákvæði. [...] Ákvæði 2. mgr. sé í samræmi við meginreglu laganna um að hver lánþegi skuli vera ábyrgur á sínum lánnum þannig að ef lánþegi er í skilum við sjóðinn á dánardegi ábyrgðarmanns skal ábyrgðin falla niður. Með ákvæðinu er átt við að ábyrgðir ábyrgðarmanna sem ekki eru fallnar í gjalddaga skuli falla niður við andlát ábyrgðarmanns.“

Í framangreindum athugasemdum í greinargerð megi greina skýrt markmið og vilja löggjafans sem hafi falist í því að ábyrgðir ábyrgðarmanna sem ekki hafi verið fallnar í gjalddaga ættu að falla niður. Það sé því skýr greinarmunur gerður á því hvort krafa á hendur ábyrgðarmanni sé orðin virk eða ekki, þ.e. hvort greiðslukrafa sé fallinn í gjalddaga eða ekki. Sé hún fallin í gjalddaga og krafa á hendur ábyrgðarmanni um greiðslu orðin virk þá falli hún ekki niður. Þá komi skilmerkilega fram að ábyrgð falli ekki niður ef ábyrgðin hefur „fallið á ábyrgðarmann“. Sé því alveg ljóst hvað átt sé við. Það er ef krafan hefur ekki verið gjaldfelld, þá hafi ábyrgðin ekki fallið á ábyrgðarmanninn og sé ábyrgðarmaðurinn þá laus undan ábyrgðarskuldbindingunum.

Sama skilyrði sé því að finna á þremur stöðum í lögnum, í 5. mgr. 11. gr., 1. mgr. ákvæðis II til bráðabirgða og 2. mgr. ákvæðis II til bráðabirgða. Ávallt liggja sama hugsun til grundvallar, þ.e. að aðeins það sem sé gjaldfallið falli þá ekki niður.

Lánþegi, stefnda A, hafi ekki verið í vanskilum með höfuðstól umrædds námsláns þegar lögin hafi tekið gildi, enda hafði höfuðstóllinn þá ekki verið gjaldfelldur. Hafi því engin krafa á hendur stefnda Kristni orðið virk við gildistöku laganna, nema ef frá er talin krafa vegna tveggja gjalddaga. Ábyrgðin hafi ekki verið fallin á Kristin nema hvað varði þessa tvo gjalddaga. Væri því fráleitt að ætla að með orðalaginu „í skilum“ við LÍN felist að með einum ógreiddum gjalddaga þá sé viðkomandi „ekki í skilum“ með allt lánið, og að öll ábyrgðin sé þá enn fyrir hendi.

Í máli því sem hér um ræðir hafi lánþeginn verið í vanskilum með síðustu tvo gjalddagana, þ.e. gjalddagann 1. september 2019 að fjárhæð 84.469 krónur og 1. mars 2020 að fjárhæð 140.133 krónur. Við gildistöku laga nr. 60/2020 um Menntasjóð námsmanna hafi ekki verið búið að gjaldfella lánið og aðeins hafi þá verið komin fram vanskil á þessum tveimur gjalddögum. Ábyrgð hafði því ekki fallið á ábyrgðarmann, stefnda Kristin, að frátöldum þessum tveimur framangreindu gjalddögum.

Lagaákvæðið sé orðað með framangreindum hætti. Fyrst komi meginreglan þar sem slegið sé föstu að ábyrgð ábyrgðarmanns falli niður við gildistöku laganna. Að því sögðu séu svo tilteknar tvær undantekningar sem beri ekki að túlka með rýmri hætti en eftir orðalagi ákvæðisins og raunar frekar með þrengjandi hætti. Ómögulegt sé að túlka ákvæðið á annan veg en að ábyrgð falli niður á þeim

námslánum sem séu í skilum, þ.e. þeim hluta þess sem sé í skilum, en ekki þeim hluta sem sé í vanskilum.

Þá sé tiltekinn rauður þráður í frumvarpinu, sem feli í sér jafnræði á milli lánþega og ábyrgðarmanna, enda sé um að ræða félagslegan jöfnunarsjóð. Sú skýring sem stefnandi byggir kröfu sína á feli í sér verulegt ójafnræði og ósannngirni og sé ekki í neinu samræmi við önnur ákvæði laganna. Engin sýnileg skýring hafi verið fyrir hendi um hina síðarnefndu undantekningu varðandi vanskilaskrá. Það sé þó óþarfi að velja því fyrir sér þar sem ákvæðið hafi verið fellt niður í meðförum Alþingis að frumkvæði ríkisstjórnarinnar sem tekið hafi mið af nefndarstarfi þar að lútandi.

Eftir að frumvarpið hafi verið lagt fram og áður en það hafi verið samþykkt af Alþingi hafi komið fram tilkynning frá ríkisstjórninni, dags. 15. apríl 2020, þar sem forsætisráðherra hafi birt tilkynningu, á heimasíðu stjórnarráðsins, ásamt myndskedei, þar sem forsætisráðherra, menntamálaráðherra og fjármálaráðherra hafi fjallað um fyrirhugaðar breytingar á lögum um lánasjóðinn. Ástæða sé að geta tilkynningarinnar, þar sem sérstaklega sé vísað til hennar í síðar tilkomnum lögskýringargögnum, sem innleitt hafi þennan vilja ríkisstjórnarinnar, sem þar með hafi orðið vilji Alþingis. Þannig hafi tilkynning ríkisstjórnarinnar í reynd orðið að vissu lögskýringargagni. Í tilkynningunni sem birt hafi verið á vef stjórnarráðs Íslands komi m.a. fram:

„Ríkisstjórnin hefur ákveðið að hrinda í framkvæmd tillögum starfshóps sem forsætisráðherra skipaði árið 2019 um endurskoðun á reglum vegna endurgreiðslna námslána. Hópurinn var skipaður í tengslum við kjaraviðræður á opinberum markaði.

Aðgerðirnar sem ríkisstjórnin ræðst í eru eftirfarandi:

- Vextir námslána lækka úr 1% niður í 0,4%.
- Endurgreiðsluhlutfall lána lækkar til samræmis sem lækkar afborganir.
- Afsláttur vegna uppgreiðslu námslána verður allt að 15% framvegis.
- Ábyrgðarmenn á lánum í skilum sem tekin voru fyrir 2009 falla brott og jafnræði þannig tryggt.

Starfshópurinn mat núvirtan kostnað aðgerðanna um 14 milljarða króna. Hann fellur til yfir lengri tíma og unnt er að láta greiðendur námslána njóta góðs af sterkri fjárhagsstöðu Lánasjóðsins sem fjármagnar aðgerðirnar.

Forsætisráðherra skipaði starfshópin í kjölfar samráðsfunda stjórnvalda og aðila vinnumarkaðarins í tengslum við gerð kjarasamninga þar sem m.a. var rætt um menntamál og hag launþega að námi loknu. Aðilar vinnumarkaðarins bentu á að lántakar greiddu um 4% af launum sínum í afborganir af námslánum á ári eða sem samsvaraði u.þ.b. einum útborguðum mánaðarlaunum á ári. Þessi byrði hefur reynst þung fyrir ungt fólk sem er að koma sér þaki yfir höfuðið og hasla sér völl á vinnumarkaði. Starfshópin skipuðu Haraldur Guðni Eiðsson, tilnefndur af forsætisráðherra, Agnes Guðjónsdóttir, tilnefnd af mennta- og menningarmála- ráðherra, Georg Brynjarsson, tilnefndur af Bandalagi háskólanna, Lilja K. Sæmundsdóttir, fyrir hönd iðnaðarmannafélaga og Steingrímur Ari Arason, tilnefndur af fjármála- og efnahagsráðherra.“

Að tillögu ríkisstjórnarinnar hafi verið vísað til tillagna starfshópsins og þær látnar fylgja með yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar, en í tillögum starfshópsins segir m.a:

„Starfshópurinn leggur til almenna aðgerð þar sem ábyrgðir á námslánum sem veitt voru fyrir lagabreytinguna 2009, eru í skilum og lánþegi er ekki á vanskilaskrá, hvorki hér á landi né erlendis, verði felldar úr gildi án þess að önnur trygging komi í hennar stað. Greiðendur námslána sem eru búsettir erlendis þurfa að sýna fram á að þeir séu hvorki á vanskilaskrá á Íslandi né í því landi sem þeir eru búsettir. Í þeim tilfellum þar sem námslán er annað hvort ekki í skilum eða lánþegi á vanskilaskrá geta bæði lánþegi og ábyrgðarmaður sótt um niðurfellingu ábyrgðar eftir að námsláninu hefur verið komið í skil og/eða lánþegi ekki lengur á vanskilaskrá. Með sambæri- legum hætti og námslán falla niður við andlát lánþega skulu ábyrgðir á endurgreiðsl- um sem ekki eru fallnar í gjalddaga falla sjálfkrafa niður við andlát ábyrgðarmanns.“

Í kjölfar þessa hafi síðan komið fram breytingartillaga á lögunum fyrir tilstuðlan allsherjar- og menntamálanefndar, þar sem greinir eftirfarandi:

„Ábyrgðarmannakerfið.

Í 1. málsl. 1. mgr. ákvæðis til bráðabirgða II er fjallað um niðurfellingu ábyrgðar á námslánum teknum í tíð eldri laga og skilyrði fyrir slíkri niðurfellingu. Annað skilyrðanna er að lánþegi sé ekki á vanskilaskrá. Meiri hlutinn telur, í samræmi við aðgerðir ríkisstjórnarinnar um breytingar á endurgreiðslu námslána, að fella beri brott það skilyrði og því nægi að lánþegi sé í skilum við Lánasjóð íslenskra námsmanna til að ábyrgðin falli niður.“

Þá hafi enn fremur verið sérstakur kafli í álitni allsherjar- og menntamálanefndar, um aðgerðir ríkisstjórnarinnar:

„Aðgerðir ríkisstjórnarinnar.

Forsætisráðherra, í samráði við mennta- og menningarmálaráðherra og fjármála- og efnahagsráðherra, skipaði starfshóp árið 2019 um endurskoðun á reglum vegna endurgreiðslna námslána. Hópurinn var skipaður í tengslum við kjaraviðræður á opinberum markaði. Ríkisstjórnin kynnti 15. apríl 2020 að ráðist yrði í framkvæmd á tillögum starfshópsins til viðbótar þeim aðgerðum sem nú þegar hafa verið kynntar til að styðja við kjarasamninga. Aðgerðirnar felast í lækkun vaxta á námslánum úr 1% niður í 0,4%, lækkun endurgreiðsluhlutfalls lána, afslætti vegna uppgreiðslu námslána og brottfalli ábyrgða námslána sem tekin voru fyrir 2009. Ákvörðun um vexti námslána er tekin af ríkisstjórninni, að tillögu ráðherra, skv. 5. mgr. 7. gr. laga um [LÍN]. Í samræmi við framangreint leggur meiri hlutinn til að við frumvarpið bætist ný ákvæði til bráðabirgða sem kveði á um lækkun tekjutengdrar afborgunar og um afslátt við uppgreiðslu eða innborgun námslána, sbr. eftirfarandi umfjöllun.“

Það hafi því hvergi verið gert ráð fyrir neinum undantekningum frá því markmiði að fella niður eldri ábyrgðir. Þá hafi sérstaklega verið vísað til þess að breytingunni væri ætlað að tryggja jafnræði enda ábyrgðir eftir apríl 2009 taldar ógildar. Það væri því naumast mikið jafnræði í því fólgið ef túlkun stefnanda yrði hér ofan á.

Í umræðum á Alþingi hafi eftirfarandi komið fram í ræðu forsætisráðherra:

„Ég vil vekja sérstaka athygli á þeim tillögum sem bættust við í þinglegri meðferð og eiga rætur að rekja til starfshóps undir forystu forsætisráðuneytis. Þær voru unnar í nánu samráði við aðila vinnurmarkaðarins og snúast um niðurfellingu ábyrgðarmanna og léttari endurgreiðslubyrði námslána fyrir þá sem þegar hafa lokið námi. Það mun verða veruleg kjarabót en er líka mikið réttlætismál. Ég tel að sú vegferð sem við lögðum af stað í 2009, þegar við felldum niður kröfu um ábyrgðarmenn á nýjum námslánum til framtíðar, sé nú komin á enda með þessari breytingu sem er stórt réttlætismál fyrir námsmenn á Íslandi, bæði í fortíð og framtíð.“

Stefndi telur þetta einfalt og skýrt. Það hafi verið skýr vilji til þess af hálfu ríkisstjórnar og Alþingis að fella niður ábyrgðir. Það hafi ekki verið nokkur vilji til þess að vanskil á einni, tveimur eða þremur afborgunum myndi leiða til þess að öll ábyrgðin yrði enn fyrir hendi gagnvart ábyrgðarmanni. Slíkt væri síst í samræmi við framangreint markmið laganna og hvað þá ef bætt er við því grundvallarsjónarmiði er breytingin hafi falið í sér, sem sé réttlæti og jafnræði fyrir alla ábyrgðarmenn hjá LÍN.

Almennar reglur kröfuréttar feli í sér að krafa á hendur ábyrgðarmanni verði ekki virk fyrr en við greiðslufall aðalskuldara á þeirri kröfu sem sé í gjalddaga. Þegar um afborgun láns sé að ræða þá sé það aðeins hver og einn gjalddagi sem sé gjaldkræfur og verði virkur gagnvart ábyrgðarmanni, en ekki allt lánið, nema það sé sannarlega gjaldfellt í heild sinni í samræmi við reglur og skilmála á milli aðila. Þeir gjalddagar sem höfðu orðið gjaldkræfir gagnvart ábyrgðarmanni séu ekki lengur „ábyrgðarkrafa“ á hendur honum heldur krafa um greiðslu. Ábyrgðin hafi þá „fallið á“ ábyrgðarmann hvað þá gjalddaga varði og hann beri greiðsluskyldu. Kröfuhafinn öðlist við þessar aðstæður beina kröfu um greiðslu frá ábyrgðarmanni. Áður en krafa verði gjaldkræf gagnvart ábyrgðarmanni þá eigi kröfuhafi enga virka kröfu á hendur honum. Það sé í senn rétt og eðlilegt að ef fella hafi átt niður eldri ábyrgðir þá væri samhliða því ekki sjálfkrafa verið að fella niður gjaldkræfar og virkar greiðslukröfur.

Stefndi telji skýrt með hliðsjón af öllu framangreindu að hann beri ekki ábyrgð á hærri fjárhæð en hafi sannarlega verið gjaldfallin við gildistöku laganna, þ.e. þeim tveim gjalddögum sem að framan sé lýst, 1. sept. 2019 og 1. mars 2020.

Í stefnu greinir að skuldabréf nr. G-[...] hafi verið í vanskilum frá 1. september 2019 og hafi vegna „verulegra vanskila“ verið gjaldfellt 21. júlí 2020. Í vanskilum hafi aðeins verið tveir gjalddagar, 1. september 2019, að fjárhæð 84.469 krónur, og 1. mars 2020, fjárhæð 140.133 krónur. Af samskiptum við LÍN liggi fyrir að uppreiknuð staða þessara tveggja gjalddaga hafi þann 8. desember 2020 verið 321.491 króna.

Stefndi hafi sent erindi til lögmanns stefnanda og þá upplýst um það að hann teldi sig ekki bera greiðsluskyldu á hærri fjárhæð en uppreiknaðri stöðu umræddra tveggja gjalddaga og hafi óskað eftir upplýsingum um hvernig krafan stæði. Hafi stefnandi þá vísað til innheimtuvíðvörunar, dags. 16. október 2019, fylgiskjals D og fylgiskjals F, ásamt uppfærðum vöxtum. Stefndi hafi því bætt réttum vöxtum við gjalddagana og fengið út að samtala beggja gjalddaga, ásamt kostnaði og vöxtum, væri 321.491 króna miðað við 7. desember 2020 og sent stefnanda til staðfestingar, þar sem fyrirhugað væri að greiða þá fjárhæð. Hafi stefnandi jafnframt verið upplýstur um þetta skriflega með tölvupósti og þess þá krafist að greiðslunni yrði ráðstafað inn á framangreinda tvo gjalddaga sem hefðu verið í vanskilum við gildistöku laga um Menntasjóð, kostnað sem væri áfallinn vegna innheimtu gjalddaganna á þeim tímapunkti sem lögin tóku gildi, sem og vegna dráttavaxta miðað við greiðsludag.

Stefndi búi í Bandaríkjunum og þar sem það taki nokkra daga að greiðslur berist þá hafi stefndi aðeins bætt við fjárhæðina til að vera öruggur um að vangreiða ekki kröfuna. Hafi stefndi því greitt stefnda 325.000 krónur en greiðslan borist stefnanda 9. desember 2020. Hafi stefnandi þá jafnframt verið upplýstur um það að stefndi liti á greiðsluna sem fullnaðargreiðslu við LÍN vegna ábyrgðar á námslánum A og myndi í kjölfarið krefjast sýknu í dómsmáli þessu.

Af samskiptum við stefnanda sé ljóst að hann telji að uppgreiðsla þessara tveggja gjalddaga skipti engu máli þar sem hann muni ráðstafa „innborgun“ fyrst upp í kostnað og vísist til málskostnaðarreiknings hans í málinu. Stefndi telji það ekki geta gengið að hann eigi, að því gefnu að fallist sé á að málsástæður hans um að hann hafi aðeins borið ábyrgð á greiðslu þessara tveggja gjalddaga, að greiða hér málskostnað. Sé það annars vegar vegna þess að málskostnaðarkrafa verði ekki gjaldkræf fyrir en 14 dögum eftir dómsuppkvaðningu og hins vegar vegna þess að það væri fráleitt að ætla stefnda að greiða málskostnað við að halda uppi vörnum gegn allri kröfunni, þegar á málsástæður stefnda verði fallist, að hann beri ekki ábyrgð umfram það sem hafi verið gjaldfallið við gildistöku laga um Menntasjóðinn. Stefndi hafi því greitt þessa tvo gjalddaga að viðbættum kostnaði er hafi verið áfallinn vegna innheimtu þeirra við gildistöku laga nr. 60/2020, og að teknu tilliti til uppreiknaðra vaxta miðað við greiðsludag. Stefndi sé nú frjálst að takmarka tjón sitt og fella það niður, ef hann er sammála því að stefndi beri aðeins ábyrgð á því sem hafi verið gjaldfallið við gildistöku laga um Menntasjóð. En stefnandi geti ekki haldið áfram með málið og haldið því fram að ekki sé um að ræða fullnaðaruppgjör vegna þessara tveggja gjalddaga og ætlast til þess að taka eigi mið af málskostnaði við höfðun þessa máls.

Stefnanda hafi verið óheimilt að gjaldfella allt lánið á hendur stefnda, enda hafi stefnandi ekki getað borið ábyrgð á hærri fjárhæð en þeirri sem hafi verið gjaldfallin við gildistöku laga nr. 60/2002, og stefnandi mátt vita af því. Þá verði ekki séð að skilyrði hafi verið til þess að gjaldfella allt lánið enda vanskilin ekki veruleg.

Ef þó verður, af einhverjum ástæðum, talið að eitthvað standi út af, þannig að ekki sé hægt að fallast á sýknu að öllu leyti, sé þess krafist að krafa stefnanda verði lækkuð.

Stefndi byggir á því að sönnunarbyrðin um að krafa stefnanda sé fyrir hendi hvíli á stefnanda. Þau gögn og sá rökstuðningur sem stefnandi hafi lagt fram meintri kröfu sinni til stuðnings sýni, að mati stefnda, ekki fram á að krafan eigi rétt á sér. Stefndi krefjist því, með vísan til þess, sýknu með hliðsjón af því að ábyrgðin sé niður fallin.

Stefndi vísi til almennra reglna kröfuréttar, þ. á m. reglna um kröfuábyrgðir. Þá til laga nr. 60/2020, sér í lagi til ákvæðis II til bráðabirgða. Þá til laga nr. 32/2009 um ábyrgðarmenn, sér í lagi 7. gr. Þá vísist til laga nr. 91/1991, t.d. 80. gr. um kröfu til skýrs málatilbúnaðar. Krafa um málskostnað byggist á 130. gr., sbr. 129. gr., sömu laga, en að auki sé vísað til laga nr. 50/1988 um virðisaukaskatt á málskostnað.

Niðurstaða

Í máli þessu gerir stefnandi, Menntasjóður námsmanna, óskipt kröfur á hendur stefndu, A, sem er aðalskuldari framangreinds námsláns, og meðstefnda, Kristins D. Grétarssonar, er tilgreindur er sem ábyrgðarmaður að láninu, en lánið, sem var upphaflega tekið 20. september 2005, ber nú auðkennið G- [...]. Afréð stefnandi að neyta heimildar til að gjaldfella allt lánið 21. júlí 2020 eftir að það komst í vanskil frá og með gjalddaga 1. september 2019. Svo sem lýst er í dómkröfu stefnanda var staða lánsins, sem er vísitölutryggt, þá 7.111.855 krónur, en auk þess krefst stefnandi dráttarvaxta og kostnaðar sem að framan greinir. Þá liggur fyrir að stefnandi hafði ítrekað beint innheimtubréfum að báðum stefndu eftir að vanskil á afborgunum komu fram. Eftir að lán G-[...] var síðan gjaldfellt í skjóli ákvæða í bréfinu sjálfu þá greiddi stefndi Kristinn 325.000 krónur til stefnanda, 9. desember 2020, sem dugar sem greiðsla af umræddum afborgunum fyrir þeim hluta lánsins sem var í vanskilum, auk dráttarvaxta, áður en lög nr. 60/2020 tóku gildi 26. júní 2020.

Aðalskuldari að láninu, stefnda A, hefur ekki tekið til varna. Er fallist á með stefnanda, með vísan til þess sem liggur fyrir í málinu, að enginn vafi leiki á um greiðsluábyrgð hennar til samræmis við fyrirliggjandi dómkröfur stefnanda. En álítaefni málsins lúta þá einungis að því hvort meðstefndi Kristinn beri enn óskipta ábyrgð ásamt með stefndu A, sem ábyrgðarmaður að umræddu námsláni hennar.

Hvað varðar kröfur stefnanda á hendur meðstefnda Kristni D. Grétarssyni, þá liggur fyrir að sá stefndi hefur tekið hér til varna. Byggir hann einkum á því að ábyrgð hans á framangreindri skuld stefndu A hafi verið niður fallin, að undanskildum þeim afborgunum af láninu sem sannarlega hafi verið vanskilum áður en sett hafi verið lög nr. 60/2020 um Menntasjóð námsmanna, sem komu til framkvæmda 26. júní 2020. En umrædd lög fólu í sér niðurfellingu á ábyrgðum námslána hjá stefnanda sem tekin voru í tíð eldri laga að uppfylltum skilyrðum, sbr. ákvæði II til bráðabirgða í lögum.

Fyrir liggur að stefndi Kristinn hefur nú þegar greitt þær afborganir af láninu sem voru í vanskilum áður en lög nr. 60/2020 gengu í gildi en stefnandi hefur kosið að líta svo á að þær geti aðeins gengið upp í fyrirliggjandi kostnað af innheimtu. Er annars enginn tölulegur ágreiningur uppi í málinu milli aðila og því ljóst að úrlausn málsins snýr einkum að túlkun á neðangreindu ákvæði II til bráðabirgða í lögum nr. 60/2020.

„Ábyrgð ábyrgðarmanns á námslánnum teknum í tíð eldri laga skal falla niður við gildistöku laga þessara, enda sé lánþegi í skilum við [LÍN]. Sama gildir um ábyrgðir á námslánnum sem eru í óskiptum dánarbúum og ábyrgðaryfirlýsingar fjármálafyrirtækja.

Ábyrgð ábyrgðarmanns á námslánnum teknum í tíð eldri laga fellur niður við andlát hans enda sé lánþegi í skilum við [LÍN].

Lánþegi þarf í tilvikum 1. og 2. mgr. ekki að fá annan ábyrgðarmann nema lánþegi teljist ekki tryggur samkvæmt úthlutunarreglum.“

Hvað varðar ofangreint ákvæði þá felur það í sér reglu um afdrif eldri ábyrgða við gildistöku laganna, þann 26. júní 2020, sbr. 1. mgr. þess, en hins vegar svonefnda dánarreglu yfirfærða á ábyrgðarmann í 2. mgr. þess. Er óumdeilt að í athugasemdum með frumvarpi til laganna sé því lýst að dánarreglan hér í 2. mgr. feli í sér að ábyrgð ábyrgðarmanns á ógjaldföllnum eftirstöðvum námsláns falli niður við andlát. Er hins vegar deilt um í málinu hvort hið sama eigi þá að gilda um almennu regluna í 1. mgr., sem miðar við gildistöku laganna, og er annars orðuð með nákvæmlega sama hætti, eða hvort sú regla feli engu að síður í sér annars konar og óskylt fyrirkomulag.

Sé litið til skýringakosta sem málsaðilar leggja hér til grundvallar, þá greinir þá á um það hvað felist í því skilyrði fyrir niðurfellingu á ábyrgð ábyrgðarmanns í 1. mgr. ákvæðisins, að lánþegi hafi verið í skilum við stefnanda við gildistöku laganna. Þ.e. hvort ábyrgð taki þá eftirleiðis aðeins til þess hluta láns sem hafi verið í vanskilum. Stefnandi telur að svo sé ekki og honum hafi vegna fyrirliggjandi vanskila frá 1. september 2019 verið stætt á að gjaldfella allt lánið, einnig gagnvart stefnda Kristni, þó svo að gjaldfelling lánsins hafi síðan verið framkvæmd stuttu eftir lagabreytinguna. Leggur stefnandi þá sérstaka áherslu á það að reglan í framangreindri 1. mgr. feli í reynd í sér skilyrta eftirgjöf kröfu á

hendur ábyrgðarmanni samkvæmt ábyrgðarloforði og að umrætt skilyrði, að lánið væri í skilum við lagabreytinguna 26. júní 2020, hafi einfaldlega ekki verið uppfyllt áður en lánið var gjaldfellt samkvæmt ákvæðum þess. Dánarreglan í 2. mgr. framangreinds ákvæðis eigi sér hins vegar allt aðra forsögu þó svo að reglurnar séu hér í sama ákvæði og því sem næst eins orðaðar í lagatextanum.

Stefndi Kristinn byggir einkum á því að framangreind nálgun stefnanda geti ekki talist rétt túlkun á efni ákvæðisins með hliðsjón af efni laganna í heild og yfirlýstum markmiðum með setningu þeirra. En markmiðið hafi verið það að stuðla að jafnræði ábyrgðarmanna og að lánþegi ætti almennt eftirleiðis að bera einn ábyrgð á námsláni. Geti framangreint ákvæði, og þá reglan í 1. mgr., að hans mati, aðeins túlkast þannig að hún taki einungis til þeirra afborgana eða þess hluta umrædds láns sem hafi verið í vanskilum á umræddu tímamarki, 26. júní 2020, þegar lagabreytingin átti sér stað, en ekki til þess meginhluta lánsins sem hafi þá verið í skilum, en lánið í heild sinni hafi ekki verið gjaldfellt fyrir umrætt tímamark. Að mati stefnda sé ekkert í lögnum sem gefi tilefni til þess að líta svo á að túlka beri regluna í 1. mgr. með öðrum hætti en regluna í 2. mgr., enda séu þær eins orðaðar í öllu tilliti nema hvað varði tímamarkið.

Sé litið til athugasemda í frumvarpi með II. gr. til bráðabirgða í lögum nr. 60/2020 þá kemur þar m.a. fram að ákvæði 2. mgr. sé í samræmi við meginreglu laganna um að hver lánþegi skuli vera ábyrgur á sínum lánum þannig að ef lánþegi er í skilum við sjóðinn á dánardegi ábyrgðarmanns skuli ábyrgðin falla niður. Með ákvæðinu sé átt við að ábyrgðir ábyrgðarmanna sem ekki séu fallnar í gjalddaga skuli falla niður við andlát ábyrgðarmanns. Þessi regla sé í samræmi við reglu sem lengi hafi gilt um lánþegann sjálfan. Er í framangreindum athugasemdum ótvírætt vísað til svonefndrar dánarreglu. En athugasemdir með ákvæði II til bráðabirgða fjalla þó ekki um það hvort túlka beri þá með líkum hætti regluna í 1. mgr. þess, sem miðar við tímamarkið við gildistöku laganna, en er að öðru leyti alveg eins orðað og framangreind dánarregla. Sem fyrr segir, telur stefndi því að túlka beri þá reglu með sama hætti, en stefnandi hefur leitast við að færa rök fyrir því að um annars konar reglu sé þar að ræða.

Að mati dómsins þá verður að láta stefnda njóta þess vafa sem uppi er um túlkun á umræddu ákvæði í 1. mgr. bráðabirgðarákvæðis nr. II í lögum nr. 60/2020. En sá skýringarkostur fellur enn fremur, að mati dómsins, betur að yfirlýstum markmiðum með setningu laga nr. 60/2020, þar sem ábyrgðir heyra nú til undantekninga, og stefnandi neytti ekki heimildar til gjaldfellingar lánsins áður en hin nýju lög töku gildi. Liggur þá fyrir að hinn stefndi ábyrgðarmaður hefur þegar greitt stefnanda þau vanskil á láninu sem voru fyrir hendi áður en umrædd lagabreyting átti sér stað, ásamt með dráttarvöxtum af þeirri fjárhæð, og er ekki um þetta tölulegur ágreiningur á milli aðila.

Að öllu framangreindu virtu verður það því niðurstaða dómsins að grundvöllur sé hér ekki fyrir hendi til þess að fallast megi á dómkröfur stefnanda á hendur stefnda, Kristni D. Grétarssyni, og verður því að sýkna þann stefnda af dómkröfum stefnanda.

Greiðsluskylda stefndu, A, liggur hins vegar að mati dómsins hér ótvírætt fyrir og verður því fallist á dómkröfur stefnanda hvað þann stefnda varðar.

Með hliðsjón af öllu hér framangreindu verður að mati dómsins ekki talið að aðrar fram komnar röksemdir eða málsástæður hafi við svo búið sérstaka þýðingu í málinu eða geti leitt til annarrar niðurstöðu í því, sbr. e-lið 1. mgr. 114. gr. laga nr. 91/1991.

Með hliðsjón af úrslitum málsins verður stefnanda gert að greiða stefnda, Kristni D. Grétarssyni, málskostnað, sem í dómsorði greinir og er þar tilgreint að teknu tilliti til virðisaukaskatts. Þá verður stefndu, A, gert að greiða stefnanda málskostnað, að kröfu stefnanda, þ.m.t. útlagðan kostnað og þóknun, en samkvæmt fyrirbyggjandi málskostnaðarreikningi þá er samtala þessa alls 280.052 krónur.

Málið flutti Kristján Þorbergsson lögmaður fyrir stefnanda, en Vilhjálmur Þ.Á. Vilhjálmsson lögmaður flutti málið fyrir hönd stefnda, Kristins D. Grétarssonar.

Pétur Dam Leifsson héraðsdómari kveður upp dóminn.

Dómsorð:

Stefnda, A, greiði stefnanda, Menntasjóði námsmanna, 7.111.855 krónur, ásamt dráttarvöxtum samkvæmt 1. mgr. 6. gr. laga nr. 38/2001, af 84.469 krónum frá 1. september 2019 til 1. mars 2020, en af 224.602 krónum frá þeim degi til 21. ágúst 2020, en af 7.111.855 krónum frá þeim degi til greiðsludags.

Stefnda, A, greiði stefnanda, Menntasjóði námsmanna, einnig málskostnað, þá að teknu tilliti til umkrafins kostnaðar stefnanda, alls 280.052 krónur.

Stefndi, Kristinn D. Grétarsson, er sýknaður af dómkröfum stefnanda, Menntasjóðs námsmanna, í máli þessu.

Stefnandi, Menntasjóður námsmanna, greiði stefnda, Kristni D. Grétarssyni, 930.000 krónur í málskostnað.